

4. gr.

Í stað orðanna „Á sama tíma“ í 2. másl. 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Frá 1. apríl til 14. júlí ár hvert.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Gera má lögaðila sekt fyrir brot gegn 17. gr. a. Um refsíabyrgðina fer eftir II. kafla A almennra hegningarlaga.

- b. Á eftir orðunum „framkvæmd brots“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: veiðifang sem boðið er til sölu eða selt í bága við sölubann skv. 17. gr. a.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Sigríður A. Þórðardóttir.

LÖG**um breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002,
með síðari breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir orðunum „Tekjur af úrvinnslugjaldi samkvæmt lögum þessum“ í 1. mgr. 19. gr. laganna kemur: þ.m.t. vaxtatekjur.

2. gr.

Í stað dagsetningarinnar „1. september 2005“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða II og í ákvæði til bráðabirgða III í lögnum kemur: 1. janúar 2006.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi en ákvæði 1. gr. kemur þó til framkvæmda frá og með 1. janúar 2005.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 2005.

Halldór Ásgrímsson.

Halldór Blöndal.

Markús Sigurbjörnsson.

(L. S.)

Sigríður A. Þórðardóttir.

LÖG

um happdrætti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um hvers konar happdrætti með þátttöku almennings, með eða án framlags, þar sem vinningur er valinn að nokkru eða öllu leyti með tilviljunarkenndum hætti eða vinningur ræðst af úrslitum keppni eða atburðar. Lög in gilda enn fremur um happdrætti sem rekin eru í atvinnuskyni þótt þau séu ekki opin almenningi.

Ráðherra mælir nánar fyrir um skilgreiningu, gerðir og flokka happdrætta í reglugerð.

2. gr.

Starfræksla happdrætta.

Til þess að halda uppi allsherjarreglu og hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning er óheimilt að reka happdrætti nema með leyfi ráðherra eða öðruvísi sé mælt fyrir um í lögum þessum. Leyfið skal bundið nánari skilyrðum í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Þá eru hlutaveltur óheimilar nema með leyfi lögreglustjóra.

Happdrætti þar sem spilað er um peninga eða peningaígildi er óheimilt að reka nema samkvæmt sérstakri lagaheimild. Skal í lögnum kveðið á um fyrirkomulag happdrættis, gjöld, rekstrarskilyrði og rekstrarform. Um happdrætti samkvæmt þessari málsgrein skulu að öðru leyti gilda ákvæði 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 5. gr., 6. gr. og 9.–11. gr.

3. gr.

Leyfisveiting.

Leyfi til að reka happdrætti eða hlutaveltu, sbr. 1. mgr. 2. gr., má einungis veita félagi, samtökum eða stofnun sem hefur staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu, í þeim tilgangi að